

greiði sér enga húsaleigu né heldur hann sjálfur, en hann sé fyrirvinna heimilisins.

Annars kveðst gerðarþoli ekki hafa nefnt það atriði við gerðarbeiðanda sjálfan, hvort sér leyfðist að taka þessa tilvonandi tengdadóttur sína inn á heimilið, en hún kveðst hafa spurt konu gerðarbeiðanda um það, og hafi hún ritað gerðarbeiðanda og fengið álit hans á því. Svar gerðarbeiðanda hafi verið neikvætt, og kveður gerðarþoli sér hafa verið það kunnugt, áður en unnusta Magnúsar kom í íbúðina. Gerðarbeiðandi hafi hins vegar aldrei mótmælt þessu við sig fyrr en með bréfinu á rskj. 3, sem birt var með stefnuvottum og er getið hér að framan.

Ekki virðist unnt að líta svo á, að dvöl unnustu Magnúsar Ágústssonar í hinu umdeilda húsnæði geti verið gerðarbeiðanda svo bagaleg, að útburði geti varðað á gerðarþola, með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi hefur í sjálfu sér ekkert út á persónulega hegðun konu þessarar að setja, og enn fremur af því, að notkun húsnæðisins virðist nú ekki meiri en áður hefur lengst af verið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 56/1948. **Valdstjórnin** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Skapta Kristóferssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Hinn 24. september 1947 kom kærði fyrir dóm og viðurkenndi, að hann væri þá með áhrifum áfengis og að hann hefði í því ástandi ekið bifreiðinni H-116. Er kærði hafði játað þetta, var hann laus látinn og málinu frestað, án þess að hlutast væri til um rannsókn áfengismagns í blóði kærða eða leitað vættis

löggæzlumanns þess, er hafði handtekið kærða og leitt hann fyrir dómara.

Næst var dómþing háð í málinu 10. janúar 1948. Tjáði dómarrinn þá kærða, að mál yrði höfðað gegn honum fyrir brot gegn 23. gr. bifreiðalaganna, án nánari skýrgreiningar á kröfum ákærvaldsins, broti kærða eða refsíákvæðum.

Hinn 13. janúar 1948 kom kærði enn fyrir héraðsdómara. Tók kærði þá aftur játningu sína, um að hann hefði með áfengisáhrifum ekið bifreið, og bar fyrir sig nauðung af hendi löggæzlumanns þess, sem hlut átti að máli. Eigi sinnti dómarrinn þessari skýrslu kærða, en kvað upp dóm í málinu 20. s. m. án frekari prófunar sakarefnis.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom umræddur löggæzlumaður fyrir dóm í öðru lögsagnarumdæmi og gaf skýrslu um málsatvik. Eigi var sú skýrsla borin undir kærða né hann samprófaður við löggæzlumanninn.

Próf málsins eru, eins og nú var rakið, mjög ófullkomin. Höfðun málsins er og, svo sem lýst hefur verið, andstæð réttum reglum. Vegna þessara galla á meðferð málsins verður ekki hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að í fyrsta þinghaldi í málinu 24. september 1947 var löggæzlumaður sá, er handtekið hafði kærða og kært hann, látinn vera þingvottur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 20. janúar 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skapta Kristóferssyni, bónda að Hnjúkahlíð í Blönduóshreppi, fyrir brot gegn ákvæðum 23. gr. bifreiðalaganna, nr. 23 frá 1941, sbr. 38. gr. og 39. gr. sömu laga, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 24. september f. á. hitti Bergur Arnbjörnsson löggæzlumaður kærðan, Skapta Kristófersson, á Blönduósi, þar sem hann kom akandi í jeppabifreið sinni H-116. Stöðvaði löggæzlumaðurinn bifreiðina og sá, að kærður var undir áhrifum vins, og fór með hann til sýslumanns til yfirheyrslu. Viðurkenndi kærður í réttinum, tregðulítið, að hann væri undir áhrifum vins, hefði drukkið vín um daginn hjá ýmsum kunningjum sínum, og lýsti yfir því, að hann óskaði ekki, að blóðrannsókn færi fram á sér, þar sem hún mundi ekki sanna neitt sér í hag.

Í réttarhaldi 13. þ. m., er málið var tekið undir dóm, þar kærður það fram í málinu sér til varnar, að hann hefði alls ekki verið undir áhrifum vins 24. september, er hann var tekinn og yfirheyrður, heldur hefði hann játað þetta þá vegna þess, að kona sín hefði verið fárveik heima og hann hefði þurft að losna við töf hennar vegna. Nánar aðspurður um veikindi konu sinnar viðurkenndi kærður, að læknis hefði ekki verið vitjað til konunnar, að hún hefði verið „lasin“ um morguninn og að hann hefði ekki hitt hana frá því um morguninn, en heimili hans liggur fast við Svínvetningabraut, sem hann fór eftir á leið sinni úr Auðkúlurétt til Blönduóss. Kærður, Skapti Kristófersson, sem er fæddur að Köldukinn í Torfalækjarhreppi 14. marz 1913, hefur eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir refsivert athæfi, svo að vitað sé. Fellur brot hans undir refsíákvæði 38. og 39. gr. bifreiðalaganna, nr. 23/1941, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald og svipting ökuleyfis í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hefur orðið nokkur dráttur, er stafar af embættisönnnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Kærður í máli þessu, Skapti Kristófersson, bóndi að Hnjúkahlíð í Blönduóshreppi, sæti 10 daga varðhaldi og skal vera sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá löglegri birtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði hann og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.